

Ákærða E sæti 4 mánaða fangelsi. Frá refsingu hennar skal draga gæsluvarðhald dagana 26. apríl til 9. maí 1984.

Ákærði A sæti 6 mánaða fangelsi.

Ákærði Benedikt Jónsson Sverrisson sæti 8 mánaða fangelsi. Frá refsingu hans skal draga gæsluvarðhald dagana 16. maí til 13. júní 1984.

Ákærði G sæti 6 mánaða fangelsi.

— — —
Ákærði L greiði skipuðum verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hdl., kr. 10.000,00 í réttar- og málsvarnarlaun.

Ákærða E greiði skipuðum verjanda sínum, dr. Gunnlaugi Þórðarsyni hrl., kr. 6.000,00 í málsvarnarlaun.

Ákærði Benedikt Jónsson Sverrisson greiði skipuðum verjanda sínum, Sigurði Georgssyni hdl., kr. 6.000,00 í málsvarnarlaun.

Ákærðu greiði annan sakarkostnað óskipt.

Mánudaginn 10. febrúar 1986.

Nr. 214/1985. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Sigurði Markúsi Sigurðssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Skjalafals. Fjársvik. Þjófnaður. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 28. júní 1985 að ósk ákærða og að því er hann einan varðar, og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Meðákærðu í héraði vildu hlíta héraðsdómi. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 5. desember 1985.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur koma eigi til meðferðar fyrir Hæstarétti þar sem hvorugur málsaðila hefur óskað þess, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

Staðfesta ber niðurstöður héraðsdóms um sakarmat og færslu til refsíákvæða. Brot það er um ræðir í V. kafla ákæru varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en það hefur láðst að tilgreina í dóminum.

Sakaferli ákærða er lýst í héraðsdómi, en því er við að bæta að dómi sakadóms Reykjavíkur 26. mars 1985 var áfrýjað, og með dómi Hæstaréttar 28. október 1985 var ákærði dæmdur í 3 mánaða fangelsi.

Með hliðsjón af ákvæðum þeim, sem tilgreind eru í hinum áfrýjaða dómi, verður refsing ákærða ákveðin fangelsi 15 mánuði.

Í héraðsdómi er grein gerð fyrir gæsluvarðhaldi er ákærði sætti 1.—17. júlí, 12.—17. desember og 20.—21. desember 1984, alls 24 daga. Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn er sýna að hann var auk þess úrskurðaður í gæsluvarðhald 19. ágúst 1984 kl. 17.25 og látinn laus úr því 3. október kl. 17. Tilefni úrskurðarins var að ákærði var grunaður um stuld á seðlaveski, er í var m.a. tékkahefti, og notkun á fölsuðum tékkum, rituðum á eyðublöð úr því. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti skýrði ríkissaksóknari frá því að eigi hefði komið til saksóknar út af nefndu sakarefni. Úrskurðurinn 19. ágúst var ekki einvörðungu reistur á því að hætta væri á að ákærði spillti sakargögnum, heldur og á 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974, og segir svo í úrskurðinum: „Þegar litið er á feril ákærða verður að álíta hann síbrotamann og verulega hættu á að hann haldi áfram afbrotum meðan málum hans er eigi lokið.“ Á umræddum tíma voru enn óútkljáð sakarefni þau á hendur ákærða sem síðar leiddu til höfðunar máls þessa. Að þessu athuguðu þykir rétt að draga gæsluvarðhaldsvistina 19. ágúst til 3. október 1984, 45 daga, frá refsingu ákærða auk aðurnefndra 24 daga.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Í ákæru hefur á tveimur stöðum láðst að tímasetja brot, þ.e. í ákærulið I.4. en þar vantar ártalið 1984 og í ákærulið XII. en það brot var framið 23. mars 1984. Heimilt er þó skv. 3. mgr. 118. gr.

laga nr. 74/1974 að dæma ákærða áfall að þessu leyti. Hins vegar er þess að geta vegna ummæla í héraðsdómi að V. liður ákæru er fullnægjandi samkvæmt 115. gr. nefndra laga.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Markús Sigurðsson, sæti fangelsi 15 mánuði. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhaldsvist ákærða, alls 69 dagar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest að því er ákærða varðar.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. maí 1985.

Ár 1985, mánudaginn 20. maí er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur, settum sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 268—275/1985: Ákæruvaldið gegn Sigurði Markúsi Sigurðssyni, A, B, C, D, E, F og G, sem tekið var til dóms þann 2. þ.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 5. febrúar sl. á hendur ákærðu Sigurði Markúsi Sigurðssyni, Laugabraut 14, Akranesi, fæddum 22. júlí 1961 í Reykjavík, A, B, C, D, E, F og G svo sem hér segir:

„I. Á hendur ákærða Sigurði Markúsi einum fyrir brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19, 1940, með því að hafa:

1) Gefið út og notað í staðgreiðsluviðskiptum innistæðulausa tékka á reikning ákærða nr. 43503 í Alþýðubankanum h.f., Laugavegi, Reykjavík, eins og rakið er:

Nr. 1623064, kr. 7.500,00, útgefinn 3.2. 1984 til handhafa, seldur Alþýðubankanum.

Nr. 1623074, kr. 6.000,00, útgefinn 9.2. 1984 til handhafa, greiðsla fyrir vörur í verslun SS, Glæsibæ í Reykjavík.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

2) Farið, fimmtudagskvöldið 22. mars 1984, inn í bifreiðageymslu við

Boðagranda 7, Reykjavík, og brotið upp bifreið og leitað að verðmætum til þess að stela.

Telst þetta varða við 244. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

3) Stolið, föstudaginn 23. mars 1984, silfurborðbúnaði, samtals 90 gripum, úr húsinu nr. 36 við Rauðarárstíg í Reykjavík, er ákærði var þar gestkomandi.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

4) Brotist, miðvikudaginn 4. apríl, inn í kjallaraíbúð hússins nr. 15 við Flókagötu í Reykjavík og stolið þar 7 gullhringjum án steina, sex með steinum, þremur armböndum, gullhálsmeni, gullermahnöppum, vasakompás, gulleyrnalokkum, 2—3 þunnum hálsfestum, silfurarmbandi, silfurskildi, gullnælu með perlum, armbandsúri gullhálsfesti með krossi og bindisprjóni með perlu.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

5) Brotist, þriðjudaginn 24. apríl 1984, inn í íbúð í húsinu nr. 138 við Njálsgötu í Reykjavík og stolið sambyggðu útvarps- og sjónvarpstæki, áfengisflösku og tékka á reikning nr. 3373 í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, útgefinn 22. apríl 1984 af Lilju Kristjánsdóttur til Kristjáns Valdimarssonar að fjárhæð kr. 5.000,00 og að hafa síðan falsað á tékkann framsal Kristjáns og greitt með honum fyrir veitingar í matstofunni „Hjá kokknum“, Laugavegi 28, Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga.

6) Fyrir að hafa gefið út tékka á eyðublöðum frá Samvinnubankanum í Hafnarfirði, til handhafa og notað í staðgreiðsluviðskiptum í Reykjavík í apríl 1984, eins og rakið er:

Nr. 23973, kr. 3.500,00, reikn. nr. 3701, dagsettur 23.4. 1984, með fölsuðu nafni Einars Guðmunds., seldur í Úra- og skartgripaverslun Guðmundar Hermannssonar, Lækjargötu 2.

Nr. 23970, kr. 3.096,00, reikn. nr. 416, dagsettur 25.4. 1984, með nafni ákærða, greiðsla fyrir vörur í verslun Hans Petersen, Bankastræti 4.

Nr. 23969, kr. 5.000,00, reikn. nr. 416, dagsettur 25.4. 1984, með fölsuðu nafni Sigmars Heiðars Árnasonar, seldur í versluninni Pennanum, Hallarmúla.

Telst notkun ákærða á tékka nr. 23970 varða við 248. gr. almennra hegningarlaga, en hinna við 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

7) Stolið, þriðjudaginn 18. desember, símatæki í versluninni Hagkaupum, Laugavegi 59, Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

IV. Á hendur ákærða Sigurði Markúsi einum fyrir skjalafals með því að hafa falsað tékka á eyðublað nr. 2876305 úr sömu tékkað og hér næst að ofan, á reikning nr. 51698, stílaðan á Pál Gíslason að fjárhæð kr. 8.000,00, útgefinn 12.4. 1984 og afhent tékkann Sigurbjörgu Gunnarsdóttur, fæddri 3. september 1963, sem falsaði á hann framsal Páls og greiddi með honum veitingar þeirra og annarra á veitingahúsinu Skrínni, Skólavörðustíg 12, Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

V. Á hendur ákærðu B og Sigurði Markúsi fyrir þjófnað með því að hafa, fimmtudaginn 12. apríl 1984 eða næsta dag, farið inn í Verslunina Týsgötu 3 í Reykjavík og stolið þar verslunarvarningi, fatnaði, skartgripum o.fl. samtals að verðmæti allt að 68.400,00 krónum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

VII. Á hendur ákærða Sigurði Markúsi einum fyrir að hafa, í félagi við Einar Þór Agnarsson, fæddan 15. september 1960, falsað tékka á eyðublaði eins og að ofan, nr. 1662874, reikn. nr. 87351, kr. 3.000,00, útgefinn 11.4. 1984 til handhafa með nafni Þrastar Gíslasonar og selt í Plötubúðinni, Laugavegi 20, Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

VIII. Á hendur ákærðu Sigurði Markúsi og C fyrir að hafa staðið að því að falsa og selja tvo tékka á eyðublöð frá Útvegsbanka Íslands, sem ákærða C ritaði, stílaða á handhafa, á reikn. nr. 3517, hvorn um sig að fjárhæð kr. 2.000,00, útgefna 5.4. 1984, með nafni Ásdísar Guðmundsdóttur og með fölsuðu framsali Guðmundar Einarssonar, eins og rakið er:

Nr. 0418288, seldur Bifreiðastöð Íslands, Hringbraut í Reykjavík.

Nr. 0418286, seldur í afgreiðslu Flugleiða h.f., Reykjavíkurflugvelli.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

IX. Á hendur ákærðu D og Sigurði Markúsi fyrir skjalafals með því að hafa falsað og selt í Reykjavík, í félagi, tvo tékka úr stolnu hefti frá Vegamótaútibúi Landsbanka Íslands, stílaða á handhafa, með nafni Ragnars Pállssonar (sic) á reikning nr. 37451, kr. 1.500,00, útgefna 24.3. 1984, eins og rakið er:

Nr. 1613857, með fölsuðu framsali Rúnars Pállssonar (sic), seldur í Tónabíói, Skipholti 38.

Nr. 1613858, með fölsuðu framsali Ragnars Pállssonar (sic), seldur í Austurbæjarbíói.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

X. Á hendur ákærðu Sigurði Markúsi og E fyrir skjalafals með því að

hafa falsað og selt eða sýnt til greiðslu í Reykjavík tékka úr sama hefti, alla stílaða á handhafa, eins og rakið er:

Nr. 1613868, kr. 1.700,00, reikn. nr. 37251, útgefinn 25.3. 1984 með nafni Ólafs Rúnarssonar og fölsuðu framsali Jóns Ólafssonar, seldur í versluninni Örnólfi, Snorrabraut.

Nr. 1613869, kr. 1.800,00, reikn. nr. 36151, útgefinn 25.3. 1984, með nafni Sveins Einarssonar og fölsuðu framsali Björgvins Einarssonar, seldur í Bifreiðastöð Íslands h.f. við Hringbraut.

Nr. 1613874, kr. 1.800,00, reikn. nr. 38521, útgefinn 25.3. 1984, með nafni Rafns Pállssonar (sic) og fölsuðu framsali Davíðs Pállssonar (sic), seldur í veitingastofunni Gagni og gamni, Hverfisgötu 46.

Nr. 1613872, kr. 12.000,00, reikn. nr. 4990, útgefinn 26.3. 1984 með nafni Bjartmars Kristjánssonar og framsali ákærða Sigurðar Markúsar, sýndur í Samvinnubankanum, Bankastræti og síðan í Vegamótaútbúi Landsbankans, Laugavegi.

Nr. 1613871, eins og næsti tékki á undan með framsali ákærða E, sýndur í aðalbanka Landsbankans.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

XII. Á hendur ákærða Sigurði Markúsi einum fyrir skjalafals með því að falsa og selja tékka á eyðublaði úr sama hefti nr. 1613873, kr. 6.000,00, reikn. nr. 4990, útgefinn til handhafa með nafni Bjartmars Kristjánssonar, framseldur með nafni ákærða, seldur í verslun Hagkaupa, Skeifunni, Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

XIV. Á hendur ákærðu A, Sigurði Markúsi og F fyrir að hafa þriðjudaginn 11. desember 1984 brotist inn í verslunina Mungát, Skúlagötu 54 í Reykjavík og stolið 70 pökkum af vindlingum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

I.

1. Þann 3. febrúar 1984 gaf ákærði Sigurður Markús út á ávisanareikning sinn við Alþýðubankann nr. 43503 tékka nr. 1623064 til handhafa að

fjárhæð kr. 7.500 og seldi hann í Alþýðubankanum. Þá gaf hann einnig út á sama reikning tékka nr. 1623074 að fjárhæð kr. 6.000 þann 9. sama mánaðar til handhafa og seldi tékkann í verslun SS í Glæsibæ í staðgreiðsluviðskiptum. Báðir tékkarnir voru án nægilegrar innistæði við útgáfu þeirra. Ákærði kvaðst hafa verið í óreglu um þetta leyti og því ekki fylgst með reikningnum.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst framangreind háttsemi hans sönnuð og varðar hún við 248. gr. alm. hgl.

— — —

2. Að kvöldi fimmtudagsins 22. mars 1984 braust ákærði Sigurður Markús í þjófnaðarskyni inn í bifreiðina R-7886, sem var í bifreiðageymslu við Boðagrandu 6, R. Komst hann inn í bifreiðina með því að spenna upp hægri afturrúðu hennar. Ákærði var handtekinn á vettvangi. Var hann áberandi ölvaður.

Með framburði ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst framangreind háttsemi hans sönnuð og varðar hún við 244. gr. sbr. 1. mgr. 20. gr. alm. hegningarlaga.

Engin skaðabótakrafa var lögð fram vegna þessa máls.

3. Föstudaginn 23. mars 1984 var ákærði Sigurður Markús gestkomandi við þriðja mann að Rauðarárstíg 36, R. Þar tók ákærði um 90 stykki af silfurmunum úr borðbúnaði úr skúffu í svefnherbergi og sló eign sinni á. Kom hann mununum í geymslu hjá mágkonu sinni, sem skilaði RLR þýfinu þrem dögum síðar.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst framangreind háttsemi hans sönnuð og varðar hún við 244. gr. alm. hgl.

4. Miðvikudaginn 4. apríl sama ár fór ákærði Sigurður Markús inn um opinn glugga í kjallara hússins nr. 15 við Flókagötu í því skyni að leita að einhverjum verðmætum til að stela. Þarna sló hann eign sinni á þá skartgrip og muni sem tilgreindir eru í 4. lið I. kafla ákæru. Hluta þýfisins kvaðst hann hafa látið tilgreinda menn hafa. Seldi annar þeirra eitt armband fyrir hann, en hinn lét hann hafa fíkniefni fyrir hluta þýfisins. Þá seldi ákærði sjálfur sumt af þýfinu fyrir fíkniefnum, en týndi öðru. Ekkert af þýfinu komst til skila.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað það, sem fram er komið í málinu, þykir ofangreind háttsemi ákærða sönnuð og varðar hún við 244. gr. alm. hegningarlaga.

— — —

5. Þriðjudaginn 24. apríl 1984 var brotist inn í íbúð að Njálsgötu 13B, R. með því að gluggi á bakhlið hússins var sprengdur upp og hafði þjófur-

inn farið inn um hann. Þarna var að sögn húsráðanda, Lilju Kristjánsdóttur, stolið sambyggðu sjónvarps- og útvarpstæki af gerðinni JVC, þrem flöskum af áfengi, sodastreamtæki, áfengisflösku og ávísun á reikning nr. 3373 í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, gefin út þann 22. apríl 1984 af Lilju Kristjánsdóttur til Kristjáns Valdimarssonar að fjárhæð kr. 5.000.

Er framangreind ávísun kom fram í bankanum kom í ljós að nafn Kristjáns Valdimarssonar hafði verið falsað á bakhlið tékkans, en hún var jafnframt framseld af Jens Snæbjörnssyni, Ránargötu 10. Tékkinn var seldur í veitingastaðnum „Hjá kokknum“, Laugavegi 28 R. Eigandi veitingastaðarins, Arngrímur Friðgeirsson, kvað Jens og mann, sem kom heim og saman við lýsingu á ákærða Sigurði Markúsi hafa selt tékkann og keypt veitingar fyrir kr. 1.474, en fengið peninga til baka. Við skoðun á myndasafni RLR dró hann út mynd af ákærða og Jens Snæbjörnssyni og kvað þetta vera umrædda menn.

Við yfirheyrslu hjá RLR kannaðist ákærði við að hann hefði falsað framsal á nafninu Kristján Valdimarsson á tékkann, en Jens Emil hafi framselt tékkann þar sem hann hafði skilríki. Tékkann hafi þeir selt svo sem að ofan greinir. Þá kvaðst hann ekki neita því að hafa brotist inn í íbúðina að Njálsgötu 13B umrætt sinn og stolið þar m.a. tékkanum, áfengisflösku og sambyggðu útvarps- og sjónvarpstæki. Hins vegar minntist hann þess ekki, enda hefði hann verið um þetta leyti stöðugt undir áhrifum vímuefna. Í lok skýrslunnar er haft eftir ákærða: „Mætti hefur nú yfirlesið kærur málsins og segist sjá af þeim gögnum að hann hljóti að hafa framið innbrotið og þar stolið tékkanum og öðru því, sem frá er greint í kæru Lilju Kristjánsdóttur, dags. 27.04.84.“

Ákærði hefur fyrir dómi neitað að hann hafi brotist inn umrætt sinn að Njálsgötu 13B. Hann kvaðst þá heldur ekki geta fullyrt að hann hefði falsað nafnið á framsali tékkans og gerði sér ekki grein fyrir hvernig hann kom í hendur hans.

Af framansögðu verður ekki talið sannað að ákærði hafi brotist inn í íbúðina að Njálsgötu 13B umrætt sinn og stolið þeim verðmætum, sem greint er frá í þessum lið ákæru. Hins vegar þykir nægilega í ljós leitt með framburði ákærða og öðru því sem fram er komið í málinu að hann hafi átt þátt í að selja framangreindan tékka, sem hann vissi að var falsaður. Þykir hann með þeirri háttsemi sinni hafa gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 155. gr alm. hegningarlaga.

— — —

6. Í aprílmánuði sl. gaf ákærði Sigurður Markús út þrjá tékka á eyðublöð úr tékkhefti frá Samvinnubankanum í Hafnarfirði til handhafa og notaði í staðgreiðsluviðskiptum. Tvo tékkanna falsaði hann, nr. 23973 að

fjárhæð kr. 3.500, sem hann gaf út með nafni Einars Guðmundssonar, dagsettan 25. apríl 1984, en ekki 23. apríl svo sem greint er í ákæru, og nr. 23969 að fjárhæð kr. 5.000, sem hann gaf út með nafninu Sigmar Heiðar Árnason, dagsettan saman dag og hinn fyrri. Þriðja tékkann nr. 23970 að fjárhæð kr. 3.096 gaf hann út í eigin nafni, dags. sama dag og hinir. Hann notaði tilbúin reikningsnúmer á alla tékkana.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst framangreind háttsemi ákærða sönnuð, og varðar sala hans á fyrrnefndum tveim tékkum við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga, en á þeim þriðja við 248. gr. sömu laga.

— — —

7. Um kl. 18.15 þriðjudaginn 18. desember sl. var óskað lögregluaðstoðar í versluninni Hagkaup, Laugavegi 59, R. Er lögreglumenn komu á staðinn var þar ákærði Sigurður Markús. Er hann var á leið út úr versluninni hafði fundist á honum innanklæða simtæki, sem hann hafði ekki framvísað til greiðslu.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst framangreind háttsemi hans sönnuð, og varðar hún við 244. gr. alm. hegningarlaga.

— — —

IV.

Ákærði Sigurður Markús útfyllti tékka nr. 2876305 á reikning nr. 51698 úr ofangreindu tékkhefti á útibú Landsbankans á Selfossi að fjárhæð kr. 8.000 og gaf hann út til Páls Gíslasonar þann 12. apríl 1984 með útgefandanafninu Ragnar Sverrisson. Þá ritaði hann nafnið Páll Gíslason sem framseljanda. Tékkann afhenti hann Sigurbjörgu Gunnarsdóttur, þá er þau voru stödd ásamt tveimur öðrum mönnum á veitingahúsinu Skrínnunni við Skólavörðustíg 12, R., og framseldi hún tékkann með eigin nafni og notaði til að greiða með veitingar þeirra ákærðu og framangreindra manna þar á staðnum.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst framangreind háttsemi hans sönnuð, og varðar hún við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

— — —

V.

Föstudaginn 13. apríl 1984 var RLR tillkynnt að farið hefði verið inn í Verslunina að Týsgötu 1 hér í borg og þar stolið ýmsum varningi. Talið var að þetta hefði átt sér stað frá því um hádegi fimmtudaginn 12. apríl

fram til kl. 15.00 næsta dag. Að sögn eiganda verslunarinnar var talið að þarna hefði verið stolið 20—30 lopapeysum, nokkru magni af silfurmunum m.a. hálsmenum og armböndum og ilmvatnsglasi úr silfri og nokkru magni leðurbelta og verðlítilla málverka og marglitu ofnu veggteppi svo og pels.

Ákærði B og Sigurður Markús hafa báðir játað að þeir hafi verið hér saman að verki. Þeir hafa borið að þeir hafi komist þarna inn um opinn glugga og stolið ýmsum varningi í versluninni, bæði nýjum og notuðum.

Þann 27. apríl sama ár gaf verslunareigandinn nánari skýrslu fyrir RLR um þann varning sem við nánari athugun var talið að hefði verið stolið í umrætt sinn úr versluninni. Lagði verslunareigandinn fram lista þar sem eftirfarandi varningur er talinn upp: 30 lopapeysur, 12 glös og bakki úr silfri, 51 hnífapar, 50 leðurbelti, 27 kjólar, kápur og samfestingar, eitt handofið veggteppi, tvö málverk, ein litmynd (þjóðhátíðarmynd), 5 silfur-armbönd og einn pels, samtals að verðmæti kr. 68.400. Kvaðst eigandinn vera með tryggingu hjá tryggingafélaginu Trygging hf. sem myndi leggja fram skaðabótakröfu í málinu.

Ákærði B hefur kannast við að þeir Sigurður Markús hafi stolið framan-greindum munum að því undanskildu að hann neitar að þeir hafi stolið þarna glösum og bakka úr silfri og ekki meira en 15 lopapeysum og 20 leðurbeltum. Hins vegar hafi þeir stolið þarna þrem veggteppum en ekki einu, svo sem eigandinn taldi, svo og rafmagnslampa og koparvegglampar.

Ákærði Sigurður Markús hefur einnig kannast við að hafa í félagi við meðákærða B stolið þarna ýmsum munum, svo sem lopapeysum, rafmagns-ofni, skartgripum, beltum, þjóðhátíðarmynd, pels, handofnu veggteppi og einhverju smávegis af skartgripum. Hins vegar mótmælir hann því á sama hátt og meðákærði að þeir hafi stolið þarna nema í mesta lagi 15 lopapeysum og leðurbeltin hafi verið færri. Þá neitar hann einnig að þeir hafi stolið glösum og bakka úr silfri, silfurhnífapörum og málverkum.

Ákærðu fóru með þýfið á stað, þar sem lausungarlýður²³ venur komur sínar. Komst ekkert af því til skila.

Í ákæru er ákærðu gert að sök að hafa í ofangreint sinn stolið þarna „verslunarvarningi, fatnaði, skartgripum o.fl. samtals að verðmæti allt að 68.400 krónum.“ Þrátt fyrir þessa ónákvæmni í ákæruskjali þykir þó ekki alveg nægileg ástæða til að vísa þessum kafla ákæru frá, sbr. 115. gr. 1. nr. 74/1974, sbr. 19. gr. 1. nr. 107/1976, þar sem ákærðu gat vart dulist við hvaða muni var átt, þar sem þeim hafði bæði hjá RLR og fyrir dóm-inum verið sýndur listi eiganda verslunarinnar yfir þá muni sem talið var að stolið hefði verið umrætt sinn, en muni þessa taldi eigandinn samtals vera að verðmæti þeirrar upphæðar, sem í ákæru greinir, svo sem að framan er rakið.

Með játningu beggja ákærðu er talið sannað að þeir hafi í félagi stolið

í ofangreindri verslun 15 lopapeysum og 20 leðurbeltum, einu handofnu veggteppi, einni litmynd (þjóðhátíðarmynd), einum pels og nokkru magni af fatnaði og skartgripum. Hins vegar telst ósannað að þeir hafi stolið 12 glösum og bökkum úr silfri, 51 hnífapari, 2 málverkum og svo miklu af skartgripum og fatnaði, sem eigandi verslunarinnar hefur gefið upp.

— — —

VII.

Þann 12. apríl 1984 kom ákærði (sic) ásamt Einari Þór Agnarssyni með tékka á eyðublað nr. 1662874 á reikning nr. 87531 að fjárhæð kr. 3.000 útgefinn þann 11. sama mánaðar til handhafa með nafni Þrastar Gíslasonar og seldu hann í Plötubúðinni, Laugavegi 20, R. Tékkinn reyndist falsaður.

Við yfirheyrslu fyrir RLR viðurkenndi ákærði Sigurður Markús að hann hefði sjálfur útfyllt framhlið tékkans að öllu leyti, en Einar Þór hefði falsað nafn framseljanda á tékkann og selt hann. Einar Þór viðurkenndi að hann hefði falsað framsalið á tékkann sem hann hefði fengið útfylltan frá ákærða.

Ákærði kvaðst hafa fengið tékkann óútfylltan hjá B. B staðfesti þann framburð ákærða, en bar að Elva María Lárusdóttir hefði útfyllt tékkann og kvaðst þekkja rithönd hennar á honum. Elva María neitaði hins vegar að hún hefði útfyllt tékkann.

Ákærði neitaði hins vegar fyrir dómi að hann hefði falsað tékkann, en játaði að hann hefði selt hann í félagi við Einar Þór. Kvaðst hann hafa viðurkennt fölsun tékkans fyrir RLR, þar sem honum hefði verið gefinn kostur á vist að Vogu ef hann gerði hreint fyrir sínum dyrum.

Ákærði hefur játað að hann hafi selt framangreindan falsaðan tékka í félagi við ofnagreindan pilt og er það í samræmi við önnur gögn málsins. Með þessu athæfi sínu hefur hann gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 155. gr. alm. hgl.

— — —

VIII.

Ákærða C falsaði framhlið þeirra tveggja tékka, hvorn að fjárhæð kr. 2.000 á Útvegsbanka Íslands, sem lýst er í þessum kafla ákæru. Er gerð tékkanna og notkun þar rétt lýst. Ákærði Sigurður Markús falsaði framsal beggja tékkanna með nafninu Guðmundur Einarsson. Tékkana útfyllti ákærða C að beiðni ákærða Sigurðar sem seldi báða tékkana. Fékk ákærði Sigurður mestmegnið af andvirði tékkanna, en ákærða C fékk í stað þess eitthvað af fíkniefnum hjá Sigurði.

Með játningu beggja ákærðu þykir framangreind háttsemi þeirra sönnuð, og varðar hún við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

— — —

IX.

Ákærðu D og Sigurður Markús seldu tvo tékka úr stolnu tékkhefti á Landsbanka Íslands hvorn að fjárhæð kr. 1.500, svo sem lýst er í þessum kafla ákæru. Er tékkunum báðum að gerð þar rétt lýst. Ákærði Sigurður Markús útfyllti framhlið beggja tékkanna og framseldi þann sem fyrr er talinn í ákærunni með nafninu Rúnar Pállsson (sic.) en þann síðari framseldi D með sama nafni. Notuðu þeir tékkana sem greiðslu fyrir bíómiða, en afganginn cyddu þeir í sameiningu.

Með játningu ákærðu, sem er í samræmi við annað það, sem fram er komið í málinu telst framangreind háttsemi þeirra sönnuð og varðar hún við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Engar bótakröfur voru lagðar fram vegna framangreindra tékka.

X.

Ákærði Sigurður Markús útfyllti einnig framhlið þeirra fimm tékka, sem lýst er í þessum kafla ákæru úr framangreindu tékkhefti á Landsbanka Íslands að undanskildum tékka nr. 1613868 að fjárhæð kr 1.700 á tilbúið reikningsnúmer nr. 37251, útgefinn þann 25. mars 1984 með nafni Ólafs Rúnarssonar, en framhlið þess tékka útfyllti hann í félagi við meðákærða E. Útfyllti Sigurður Markús reikningsnúmer tékkans, fjárhæð í tölustöfum og dagsetningu, en E annað, svo og nafnið Jón Ólafsson sem framseljandi. Tékka þennan seldu þeir í sameiningu í versluninni Örnólfi.

Ákærði E falsaði framsalið á tékka nr. 1611869, að fjárhæð kr. 1.800 með nafninu Björgvin Einarsson og seldu þeir ákærðu tékkann í félagi í Bifreiðastöð Íslands við Hringbraut. Er tékkanum að allri gerð rétt lýst í ákæru, svo og gerð tékka nr. 1613874, að fjárhæð kr. 1.800, en ákærði Sigurður Markús útfyllti einnig framsal þess tékka með nafninu Davíð Pállsson (sic). Seldi ákærði Sigurður tékkann í veitingastofunni Gagni og gamni. Við yfirheyrslu hjá RLR kvaðst ákærði Kristján Bergmann hafa verið með meðákærða Sigurði þá er hann seldi þennan tékka og hefðu þeir keypt fyrir hann veitingar. Á sama veg bar Sigurður. Hins vegar neitaði Kristján Bergmann þessu fyrir dómi. Við samprófun fyrir dómi treysti Sigurður sér ekki til að fullyrða að meðákærði hefði verið með sér þegar tékkinn var seldur þarna í veitingastofunni. Þeir hafi verið saman þetta kvöld en orðið viðskila hjá Borgarbilastöðinni, en hvort það var áður eða eftir sölu tekkans mundi hann ekki,

Þann 26. mars sama ár framvísaði ákærði Sigurður Markús tékka nr. 1613872 úr sama tékkhefti og að ofan greinir, að fjárhæð kr. 12.000 til handhafa á tilbúið reikningsnúmerið 4990, útgefinn þann sama dag með nafninu Bjartmar Kristjánsson og framseldi með eigin nafni, fyrst í Samvinnubakanum við Bankastræti en síðar í Vegamótaútbúi Landsbankans.

Í hvorug skiptin tókst honum að selja tékkann. Þegar gjaldkerinn í síðar-nefndum banka fór að kanna tékkann nánar, hraðaði ákærði sér út.

Samdægurs framvísaði ákærði E tékka nr. 1613871, sem var útfylltur á sama hátt og tékki nr. 1613872 í aðalbanka Landsbanka Íslands og fram-seldi með eigin nafni, en tókst ekki að selja tékkann og afhenti hann þá meðákærða Sigurði Markúsi tékkann, sem afhenti RLR hann.

Með játningu ákærða Sigurðar Markúsar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað að hann hafi falsað framangreinda fimm tékka svo sem nánar er lýst hér að framan og að hafa í félagi við meðákærða Kristján Bergmann selt tvo þeirra, tékka nr. 1613868 og 1613869, svo og að hafa selt tékka nr. 1613874 og framvísað í tveim bönkum tékka nr. 1613872, svo og að hafa átt sinn þátt að sýningu meðákærða Kristjáns á tékkanum nr. 1613871 í Landsbankanum. Þykir framangreind háttsemi hans að því er varðar alla tékkana fimm varða við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Þá þykir sannað með játningu ákærða E, sem er í samræmi við annað það sem fram er komið í málinu, að hann hafi í félagi við meðákærða Sigurð Markús selt tékkana nr. 1613868 og 1613869 og að hann hafi sýnt tékka nr. 1613871, svo sem nánar hefur verið rakið hér að framan. Þykir þessi háttsemi hans að því er varðar ofangreinda þrjá tékka varða við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga. Hins vegar þykir hvorki í ljós leitt að ákærði hafi tekið þátt í sölu tékkans nr. 1613874 né sýningu tékkans nr. 1613872 og verður hann því sýknaður af skjalafalsi að því er þá tékka varðar.

— — —

XII.

Ákærði Sigurður Markús útfyllti tékka nr. 1613873 úr ofangreindu tékk-hefti á Landsbanka Íslands að fjárhæð kr. 6.000 með nafninu Bjartmar Kristjánsson sem útgefanda og seldi hann í versluninni Hagkaupum, Skeif-unni, R. Er tékkanum að allri gerð rétt lýst í þessum kafla ákæru, en út-gáfudagsins 23. mars 1984 er þó ekki getið. Framseldi ákærði tékkann með eigin nafni.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað það sem fram er komið í málinu, þykir framangreind háttsemi hans sönnuð, og varðar hún við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

— — —

XIV.

Aðfaranótt þriðjudagsins 11. desember sl. var brotist inn í verslunina Mungát við Skúlagötu 54, R. Útidyráðurð verslunarinnar hafði verið

sparkað upp. Að sögn kæranda hafði verið stolið 70 pökkum af ýmsum tegundum vindlinga.

Um hádegi næsta dag var Eydís Þuríður Jónsdóttir handtekin í versluninni Örnólfi þar sem hún var að reyna að selja vindlinga úr umræddu innbroti. Viðurkenndi hún að tveir piltar, sem hún bar kennsl á sem ákærðu Sigurð og A, hefðu beðið hana að selja vindlingana. Var hún með á sér tvo plastpoka með 70 pökkum af vindlingum.

Ákærðu Sigurður Markús og A hafa báðir viðurkennt fyrir dómi að þeir hafi í félagi við meðákærða F brotist inn í ofangreinda verslun. Þeir hafi verið ásamt fleira fólki gestkomandi á heimili F, Skúlagötu 54. Þar hafi einnig verið meðákærði G. Þeir hafi allir verið undir áhrifum vímuefna. Þegar allir voru orðnir tóbakslausir hafi verið ákveðið að draga um það hver ætti að fara út til að ná í tóbak. Það kom í hlut Sigurðar Markúsar, en þegar hann var á leið út slógust þeir A og F með í hópinn. Þá fyrst var ákveðið að brjótast inn í verslunina í sama húsi. Sigurður Markús sparkaði upp hurðinni, en á meðan hélt F í húninn. Fóru þeir að því búnu allir inn í verslunina. Ákærði Sigurður kvað tóbakið hafa verið talið þegar þeir komu aftur í íbúð F og hafi það verið um 140 pakkar. Skömmu síðar hafi þeir F og G farið út með hluta af þýfinu og ætlað að selja, en sjálfir hafi þeir farið út með afganginn og reynt að fá stúlku til að selja það fyrir sig, en hún verið handtekin áður en það tókst.

— — —

Með framburði ákærðu Sigurðar Markúsar og A fyrir dómi, sem fær stoð í játningu ákærða G fyrir RLR, enda verður afturköllun hans á þeirri játningu fyrir dómi ekki tekin til greina, enda er framburður hans fyrir dóminum ótrúverður, þykir sannað þrátt fyrir neitun ákærða F að ákærðu Sigurður Markús, A og F hafi greint sinn brotist inn í verslunina Mungát og stolið þar a.m.k. 120 pökkum af vindlingum, sem þeir síðan seldu eða reyndu að selja daginn eftir ásamt meðákærða G. Ákærðu Sigurður Markús, A og F eru hins vegar ekki ákærðir fyrir að hafa stolið meir en 79 pökkum af vindlingum, og verður þeim því einvörðungu gerð refsing fyrir þjófnað á því magni vindlinga. Varðar brot ákærðu Sigurðar Markúsar, A og F við 244. gr. alm. hegningarlaga, en brot ákærða G við 254. gr. sömu laga.

Eins og að framan greinir komust 70 pakkar af vindlingum til skila við handtöku á Eydís Þuríði Jónsdóttur, er hún hugðist selja þann hluta vindlinganna, sem ákærðu Sigurður Markús og A höfðu beðið hana að selja fyrir þá.

— — —

Samkvæmt sakavottorði ákærða Sigurðar Markúsar hefur hann á árunum 1976—1983 sætt eftirtöldum refsingum:

Hann hefur tvívegis gengist undir dómsátt vegna ölvunar á almannafæri (árin 1976 og 1977) og einu sinni fyrir fíkniefnabrot. Þá var hann árið 1977 einnig uppvís að skjalafalsi og þjófnaði, en ákæru frestað skb. í 2 ár frá 7. janúar það ár. Frá árinu 1979 hefur hann 13 sinnum verið dæmdur, samtals í 43 mánuði og 15 daga, en þar af 3 mánuði skilorðsbundna, fyrir skjalafals, þjófnaði, nytjastuld, gripdeild og líkamsárás (217. gr.). Í ellefu af framangreindum dómum var ákærði sakfelldur fyrir þjófnað.

Síðustu tveir refsidómar voru kveðnir upp yfir honum þann 20. desember sl., en með þeim dómi var ákærði dæmdur í 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, og 26. mars sl., en með þeim dómi var hann dæmdur í 2 mánaða fangelsi fyrir fjársvik og hylmingu.

— — —

Viðurlög:

Brot ákærða Sigurðar Markúsar, sem fjallað er um í dómi þessum, eru öll framin áður en refsidómarnir frá 20. desember sl. og 26. mars sl. voru kveðnir upp, en með þeim dómum var hann dæmdur samtals í 8 mánaða fangelsi.

Ber því nú að ákveða honum hegningarauka, sem þykir með hliðsjón af 72. gr., 77. gr., 78. gr. og 255. gr. alm. hegningarlaga hæfilega ákveðinn 12 mánaða fangelsi. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist hans, sem hér segir: Frá kl. 11.25 þann 1. júlí 1984 til kl. 13.37 þann 17. sama mánaðar, frá kl. 19.10 þann 12. desember 1984 til kl. 17.00 þann 17. sama mánaðar og frá kl. 14.23 þann 20. desember 1984 til kl. 17.00 þann 21. sama mánaðar, samtals 24 dagar.

— — —

Skaðabótakröfur:

Þá er ákærði Sigurður Markús dæmdur til að greiða í málsvarnarlaun skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hrl., kr. 12.000, ákærði A skipuðum verjanda sínum, Eddu S. Ólafsdóttur hdl., kr. 6.000, ákærði E skipuðum verjanda sínum, Erni Höskuldssyni hdl., kr. 8.000, ákærði F skipuðum verjanda sínum, Ragnari Aðalsteinssyni hrl., kr. 8.000 og ákærði G skipuðum verjanda sínum, Páli A. Pálssyni hrl., kr. 8.000. Annan sakarkostnað eru ákærðu öll dæmd til að greiða in solidum.

D ó m s o r ð:

Ákærði Sigurður Markús Sigurðsson sæti 12 mánaða fangelsi, en til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans, 24 dagar.

Ákærði A sæti 2 mánaða fangelsi.

Ákærði B sæti 4 mánaða fangelsi.

Ákærða C sæti 2 mánaða fangelsi.

Ákærði D sæti 2 mánaða fangelsi.

Ákærði E sæti 2 mánaða fangelsi.

Ákærði F sæti 30 daga fangelsi.

Ákærði G sæti 30 daga fangelsi, en til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans 2 dagar.

Fullnustu refsingar ákærðu A, C og F skal fresta og hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærðu hvert um sig alm. skilorð 57. gr. alm. hgl.

Komi fullnusta refsingar ákærðu A og F til framkvæmda dragist frá refsingu gæsluvarðhaldsvist þeirra hvors um sig, 5 dagar.

— — —
Ákærði Sigurður Markús greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hrl., málsvarnarlaun kr. 12.000.

Ákærði A greiði skipuðum verjanda sínum, Eddu S. Ólafsdóttur hdl., kr. 6.000 í málsvarnarlaun.

Ákærði E greiði skipuðum verjanda sínum, Erni Höskuldssyni hdl., kr. 8.000 í málsvarnarlaun.

Ákærði F greiði skipuðum verjanda sínum, Ragnari Aðalsteinssyni hrl., kr. 8.000 í málsvarnarlaun.

Ákærði G greiði skipuðum verjanda sínum, Páli A. Pálssyni hrl., kr. 8.000 í málsvarnarlaun.

Annar sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.
